

Reykjavík 09. desember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna. Þingskjal 551 – 397. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagnar framkominni þingsályktunartillögu um að hafa 20. nóvember ár hvert, helgaðan fræðslu um mannréttindi barna og hvetur þingmenn alla til að sameinast um að styðja tillöguna.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sem hefur eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans leggur mikla áherslu á kynningu og fræðslu um samninginn bæði til barna og fullorðinna. Einstaklingar þurfa að þekkja réttindi sín til þess að geta beitt þeim og einnig til að bera virðingu fyrir og þekkja réttindi annarra. Mannréttindafræðsla til barna kennir börnum að þekkja sín eigin réttindi, auk þess sem hún kennir börnum hvar mörkin liggja á milli eigin réttinda og annarra. Hún eykur líkur á því að börn læri að bera virðingu fyrir samfélaginu og réttindum annarra og leggi sitt af mörkum við að byggja upp þjóðfélag þar sem einstaklingar njóta virðingar og búa með reisn og við réttlæti.

Aukin áhersla á mannréttindafræðslu getur auðveldað börnum að bera kennsl á ef á þeim er brotið á einhvern hátt og getur hjálpað þeim að kalla á aðstoð og fá hjálp við að fá réttindum sínum fullnægt. Segja má að mannréttindafræðsla sé forvörn í sjálfu sér. Ef börn þekkja almennt réttindi sín eru auknar líkur á að betur verði gætt að því að mannréttindi þeirra séu virt og þau því líklegri til að búa við réttlæti og velferð. Það er þó ekki síður mikilvægt að allir fullorðnir fái fræðslu um mannréttindi barna. Það er fyrst og fremst ábyrgð fullorðinna að mannréttindi barna séu virt.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styður þá hugmynd heilshugar að afmælisdagur Barnasáttmálans verði helgaður mannréttindafræðslu í skólum landsins. Slíkir fræðadagar eru þegar viðhafðir til fræðslu um íslenska tungu og íslenska náttúru. Samtökin telja ekki síður mikilvægt að sérstakur fræðadagur sé helgaður fræðslu um mannréttindi barna. Slíkt er til þess fallið að auka virðingu fyrir mannréttindum barna og binda Barnaheill vonir við að slík ráðstöfun hjálpi til við að bæta viðhorf til barna almennt í samfélaginu. Með því að skylda skóla til að leggja áherslu á mannréttindafræðslu til barna þennan dag er vonandi tryggt að þeim sé að minnsta kosti veitt fræðsla þann dag. Hins vegar er mikilvægt að sá dagur verði þó ekki talinn uppfylla þörfina á mannréttindafræðslu til barna. Mannréttindamenntun ætti að mati Barnaheilla að vera samtvinnuð inn í allt annað nám

eins og hægt er, ekki síst vegna þess að einn af grunnþáttum menntunar í aðalnámskrám allra skólastiga er mannréttindi og lýðræði.

Börn eru einstaklingar með sjálfstæð mannréttindi sem eiga rétt á að búa við þroskavænleg lífsskilyrði, vernd og umönnun og eiga sjálfstæðan rétt til að segja skoðun sína um allar ákvarðanir og mál sem þau varða. Slík réttindi eru lítils virði ef þau eru ekki kynnt þeim sem eiga að njóta þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri